



Fundargerð

152. fundur íþrótta- og tómstundaráðs Reykjanesbæjar, fjarfundur á Teams þriðjudaginn 31. ágúst kl. 16.00

Viðstaddir: Eva Stefánsdóttir formaður, Birgitta Rún Birgisdóttir, Birgir Már Bragason, Jón Haukur Hafsteinsson og Guðbergur Reynisson formaður ÍRB.

Helgi Arnarson sviðsstjóri fræðsluviðs og Hafþór Birgisson íþrótta- og tómstundafulltrúi sem jafnframt ritaði fundargerð.

* * *

1. Íþrótta- og leikjaskóli Keflavíkur sumarið 2021 (2021080254)

Skýrsla íþrótta- og leikjaskóla Keflavíkur 2021 lögð fram.

Íþrótta- og tómstundaráð þakkar fyrir gott námskeið og greinargóða skýrslu.

2. Fótboltanámskeið Keflavíkur á Ásbrú 2021 (2021080254)

Skýrsla um fótboltanámskeið sem að knattspyrnudeild Keflavíkur stóð fyrir síðasta sumar.

Íþrótta- og tómstundaráð þakkar fyrir gott námskeið og greinargóða skýrslu.

3. Samningur við NES íþróttafélag fatlaðra og kynning á starfsemi félagsins (2021080255)

Ragnar Birkir Bjarkarson formaður NES mætti á fundinn undir þessum lið.

Samningur við NES íþróttafélag fatlaðra 2021 og kynning á starfsemi félagsins.

Íþrótta- og tómstundaráð samþykkir samninginn og þakkar fyrir góða kynningu.

4. Framtíðaruppbygging UMFN við Afreksbraut (2021050328)

Erindi frá UMFN um skipulag á framtíðaraðstöðu UMFN við Afreksbraut lagt fram.

Íþrótta- og tómstundaráð þakkar fyrir erindið og minnir á að ljúka þarf vinnu við framtíðar skipulag íþrótta svæðis við Afreksbraut.

Íþrótta- og tómstundaráð leggur til að stofnaður verði starfshópur undir forystu sviðsstjóra umhverfis- og skipulagssviðs, til þess að fylgja eftir stefnumótun íþróttamannvirkja í Reykjanesbæ sem samþykkt var á 134. fundi íþrótta- og tómstundaráðs árið 2019.

<https://www.reykjanesbaer.is/is/stjornsysla/stjornsyslan/fundargerdir/ithrotta-og-tomstundarad/134-fundur-1>



5. Sumarstarf Fjörheima 2021 (2021080480)

Davíð Már Gunnarsson og Ólafur Bergur Ólafsson frá Menningarmiðstöð unga fólksins kynntu það sumarstarf sem boðið var upp á í Fjörheimum síðast liðið sumar.

Íþróttá- og tómstundaráð þakkar fyrir góða kynningu.

<https://www.youtube.com/watch?v=DAj37Hu6TAY>

6. Fjárhagsáætlun ÍT 2022 (2021080485)

Hafþór Birgisson íþróttá- og tómstundafulltrúi kynnti vinnu við fjárhagsáætlun ÍT 2022.

7. Erindi Sundráðs ÍRB (2021030215)

Erindi Sundráðs ÍRB um kaup á útiskjá í Vatnaveröld, breytingar á reglum um úthlutun styrkja til handa þeim er verða Íslands- og bikarmeistarar í liðakeppni.

Kostnaður við kaup á útiskjá er til umræðu í fjárhagsáætlun sveitarfélagsins fyrir árið 2022, óvíst er hvernig það fer.

Íþróttá- og tómstundaráð er búið að kaupa upplýsingaskjá fyrir Sundráð ÍRB sem staðsettur verður í anddyri Vatnaveraldar og er það von íþróttá- og tómstundaráðs að skjárinn geti að einhverju leyti komið til móts við tekjumissi deildarinnar.

Íþróttá- og tómstundaráð óskar eftir hugmyndum frá ÍRB hvernig mögulegt sé að breyta reglum um úthlutanir styrkja vegna Íslands- og bikarmeistaratitla.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 18.00